

Fundargerð
25. fundur

*Byggðaráð Langanesbyggðar kom saman til fundar í fundarstofu
Langanesbyggðar miðvikudaginn 6. ágúst 2008.*

Mættir: Þórir Jónsson, formaður og Sigurður Ragnar Kristinsson.
Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.
Fundur hófst kl 12:20.

Dagskrá:

1. Umsókn um stöðu slökkviliðsstjóra.
Lögð fram umsókn um stöðu slökkviliðsstjóra frá Axeli Gunnarssyni.
Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við viðkomandi á grundvelli gildandi kjarasamninga.
2. Umsókn um stöðu íþróttá- og tómstundafulltrúa.
Lögð fram umsókn frá Þórarni Þórisyni. Samþykkt að vísa umsókninni til íþróttá- og tómstundanevndar til umsagnar.
3. Úthlutun leiguíbúða.
Samþykkt að úthluta Pálmholti 8 til Önnu Burba og auglýsa Pálmholt 3 lausa til umsóknar. Samþykkt að bjóða Hönku Guska Vesturveg 6 til leigu þegar að íbúðin verður tilbúin til útleigu.
4. Önnur mál.
 - Þjónustumiðstöð
Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi frá því fyrr um daginn með fulltrúum Vegagerðarinnar þar sem uppkast nr. 4 að samningi var m.a. rætt. Sveitarstjóri dreifði eintaki af samningi til fundarmanna sem nauðsynlegt er að setjast yfir sem fyrst en stefnt er að því að funda frekar með Vegagerðinni um málið í byrjun september.
 - Heimsókn iðnaðarnefndar 14. Júní nk.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirhugaðri heimsókn iðnaðarnefndar 14. júní nk og kynnti drög að dagskrá.

- Staða framkvæmda.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi framkvæmdir við höfn, skóla og gatnagerð.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:40

Björn Ingimarsson ritaði